

Rannsóknarnefnd samgönguslysa
10 231

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Rannsóknarnefnd samgönguslysa

kt. 450613-1850

Húsi FBSR Flugvallavegi 7, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Rannsóknarnefnd samgönguslysa er ríkisaðili í A-hluta sem heyrir stjórnábyrgð undir Innviðaráðherra. Hún starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákærvaldi og dómstólum samkvæmt lögum nr. 18/2013. Hjá RNSA starfa 7 manns, þ.e. 6 rannsakendur og 1 móttökuritari. Þá eru 6 nefndarmenn, 6 varamenn og formaður í nefndinni og reiknast það sem tvö stöðugildi. Í lögnum er meðal annars að finna fjóra mismunandi kafla um rannsókn flugslysa, sjóslysa, umferðaslysa og köfunarslysa (ásamt alvarlegum atvikum). Rannsóknnum er þannig skipt í einstaka flokka sbr. 4.gr. laganna.

Samkvæmt lögum um rannsókn samgönguslysa (8. gr.) er kostnaður við starfsemi rannsóknarnefndar samgönguslysa greiddur úr ríkissjóði. RNSA ber að rannsaka öll samgönguslys og alvarleg samgönguávik, ekki er mögulegt að segja til um þann kostnað sem mismunandi slys bera með sér. Það er því töluvert um ófyrirséðann kostnað sem að undanfögnu hefur verið mætt með aukafjárveitingu. Fyrirkomulagið er nú að breytast þannig að ráðuneytið hafi á að skipa sjóð sem mætir slíkum kostnaði rannsóknarnefndarinnar.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 11 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 182,5 milljónir og afkoma kr. -8,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -16,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 19,1 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráskilum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Rannsóknarnefndar samgönguslysa í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Rannsóknarnefndar samgönguslysa fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Þorkell Ágústsson,
rekstrarstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	178.400.000	173.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	4.083.083	3.798.156
Tekjur samtals		<u>182.483.083</u>	<u>176.798.156</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	3	145.361.520	146.883.856
Annar rekstrarkostnaður	4	41.628.643	32.434.927
Afskriftir	5	4.083.083	3.798.156
Gjöld samtals		<u>191.073.246</u>	<u>183.116.939</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(8.590.163)	(6.318.783)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(12.505)	(26.195)
		<u>(12.505)</u>	<u>(26.195)</u>
Afkoma ársins		<u><u>(8.602.668)</u></u>	<u><u>(6.344.978)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	6	19.692	0
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður		12.556.456	9.112.438
Farartæki og vélar		6.531.978	7.848.505
		<u>19.088.434</u>	<u>16.960.943</u>
Fastafjármunir samtals		<u>19.108.126</u>	<u>16.960.943</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	8	0	8.664.232
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		11.859	471.267
Handbært fé		20.000	20.000
Veltufjármunir samtals		<u>31.859</u>	<u>9.155.499</u>
Eignir samtals		<u>19.139.985</u>	<u>26.116.442</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	9		
Hrein eign		(16.878.311)	(8.275.643)
Eigið fé samtals		<u>(16.878.311)</u>	<u>(8.275.643)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	8	1.576.209	314.958
Viðskiptaskuldir		2.386.087	1.801.355
Ýmsar skammtímaskuldir	10	13.362.344	14.599.033
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	11	18.693.656	17.676.739
Skuldir samtals		<u>36.018.296</u>	<u>34.392.085</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>19.139.985</u>	<u>26.116.442</u>
Aðrar upplýsingar	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(8.602.668)	(6.344.978)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	4.083.083	3.798.156
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(4.083.083)	(3.798.156)
		<u>(8.602.668)</u>	<u>(6.344.978)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		459.408	193.823
Tengdir aðilar		8.795.217	5.596.564
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(651.957)	554.591
		<u>8.602.668</u>	<u>6.344.978</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		(20.254)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	7	(6.210.012)	(1.862.390)
		<u>(6.230.266)</u>	<u>(1.862.390)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		1.130.266	0
Fjárfestingarframlag		5.100.000	1.862.390
		<u>6.230.266</u>	<u>1.862.390</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>20.000</u>	<u>20.000</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>20.000</u>	<u>20.000</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	178.400.000	173.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	4.083.083	3.798.156
	<u>182.483.083</u>	<u>176.798.156</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	172.100.000	0	0	172.100.000
Launabætur	1.300.000	0	0	1.300.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	5.000.000	0	0	5.000.000
Fjárveiting til tekna	178.400.000	0	0	178.400.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(187.002.668)	0	0	(187.002.668)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(8.602.668)	0	0	(8.602.668)

	2022	2021
3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	119.466.141	118.680.484
Orlof, breyting	(1.428.039)	1.670.122
Launatengd gjöld	26.632.188	25.886.770
Starfsmannakostnaður	691.230	646.480
	<u>145.361.520</u>	<u>146.883.856</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	7	7

4 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	704.753	689.540
Byggingarvörur, almennar	62.873	0
Byggingarvörur, aðrar	27.798	0
Tæki og búnaður til innréttinga	68.029	0
Ýmis tæki og áhöld	1.816.527	724.057
Varahlutir og viðhaldsvörur	53.323	54.802
Orkugjafar	2.890.295	1.161.519
Matvæli	1.301.065	1.066.623
Almennar rekstrarvörur	1.194.743	114.559
Vörukaup, almenn	<u>8.119.406</u>	<u>3.811.100</u>
Rannsóknarstofuefni	0	26.350
Ýmsar sérgreindar vörur	58.808	137.145
Vörukaup, sérgreind	<u>58.808</u>	<u>163.495</u>

Skýringar

	2022	2021
4 Annar rekstrarkostnaður framhald		
Fundir, námskeið, risna	827.968	1.186.566
Ferðir, uppihald	6.743.307	1.658.017
Akstur	379.479	259.442
Sérfræðiþjónusta	3.615.337	6.963.631
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	107.138	123.895
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	793.881	648.061
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	828.844	319.858
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	13.295.954	11.159.470
Samningsbundin kaup og leiga	181.949	445.087
Afnotagjöld	6.314.062	5.326.375
Leigugjöld	6.189.672	5.216.509
Notkun véla og flutningatækja	442.308	62.557
Verkkaup	5.981.954	5.105.910
Tryggingar, lögboðnar	513.696	579.083
Opinber gjöld	520.770	526.541
Tilfærslur	5.000	38.800
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	20.149.411	17.300.862
Vörukaup	1.005	0
Vörukaup, umboðs- og endursala	4.059	0
Vörur til endursölu og birgðabreyting	5.064	0
Annar rekstrarkostnaður samtals	41.628.643	32.434.927
5 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	2.593.537	2.320.038
Farartæki og vélar	1.488.984	1.478.118
Niðurfærsla óefnislegra eigna	562	0
	4.083.083	3.798.156
	31.12.2022	31.12.2021
6 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	19.692	0
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2022:		Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2022		0
Viðbætur á árinu		20.254
		20.254
Niðurfært 01.01.2022		0
Niðurfærsla ársins		562
		562
Staða 31.12.2022		19.692

Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

7 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	12.556.456	9.112.438
Farartæki og vélar	6.531.978	7.848.505
	<u>19.088.434</u>	<u>16.960.943</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 01.01.2022	17.254.875	11.832.930	29.087.805
Viðbætur á árinu	6.037.555	172.457	6.210.012
	<u>23.292.430</u>	<u>12.005.387</u>	<u>35.297.817</u>
Afskriftir 01.01.2022	8.142.437	3.984.425	12.126.862
Afskrift ársins	2.593.537	1.488.984	4.082.521
	<u>10.735.974</u>	<u>5.473.409</u>	<u>16.209.383</u>
Staða 31.12.2022	<u>12.556.456</u>	<u>6.531.978</u>	<u>19.088.434</u>

31.12.2022 31.12.2021

8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	8.664.232
	<u>0</u>	<u>8.664.232</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	1.495.497	0
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	80.712	314.958
	<u>1.576.209</u>	<u>314.958</u>

9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	(8.275.643)	(1.930.665)
Afkoma ársins	<u>(8.602.668)</u>	<u>(6.344.978)</u>
Jöfnuður 31.12.	<u>(16.878.311)</u>	<u>(8.275.643)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
10 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	13.170.994	14.599.033
Önnur ógreidd gjöld	191.350	0
	<u>13.362.344</u>	<u>14.599.033</u>

11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	19.108.126	16.960.943
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	(414.470)	715.796
	<u>18.693.656</u>	<u>17.676.739</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	16.960.943	715.796	17.676.739
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	5.100.000	5.100.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	6.210.012	(6.210.012)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	20.254	(20.254)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(4.083.083)	0	(4.083.083)
	<u>19.108.126</u>	<u>(414.470)</u>	<u>18.693.656</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 4,3 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

Skýringar

12 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert tímabundinn skuldbindandi samning um húsaleigu og tímabundna og ótímabundna skuldbindandi rekstrar- og þjónustusamninga. Greiðslur vegna húsaleigusamnings munu nema kr. 5,1 milljónum árið 2023 og kr. 2,5 milljónum vegna rekstrar- og þjónustusamninga árið 2023.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.